



Neytendasamtökin

Ísafjarðarbær
b.t. bæjararráðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 14. september 2017

Efni: Beiðni um styrkveitingu

Með bréfi þessu óska Neytendasamtökin eftir framlagi til að styðja við starfsemi samtakanna.

Neytendasamtökin hafa í 64 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur m.a. með því að aðstoða þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsgjöld um 8.000 félagsmanna standa að mestu undir rekstri starfseminnar. Neytendasamtökin sinna margvíslegri og mikilvægri þjónustu fyrir neytendur og leigjendur með þjónustusamningum við ríkið. Neytendasamtökin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hins vegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að hluta til í það.

Rekstur samtakanna hefur alla tíð verið þröngur og félagsmönnum hefur farið fækkandi á sama tíma og stuðningur hins opinbera vegna þjónustusamninga hefur dregist saman. Neytendasamtökin hafa þó ekki síður mikilvægu hlutverki að gegna í dag og þegar þau voru stofnuð árið 1953. Styrkur til samtakanna væri því afar vel þeginn.

Fyrir hönd Neytendasamtakanna

Stefán Hrafn Jónsson varaformaður NS

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdarstjóri NS

Neytendasamtökin

Kt: 480269-0559

Bankaupplýsingar: 0516-26-002414